ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 46

18. árgangur

18.8.2011

**I** **EES-STOFNANIR**

**1.** **Sameiginlega EES-nefndin**

**II** **EFTA-STOFNANIR**

**1.** **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2.** **Eftirlitsstofnun EFTA**

**3.** **EFTA-dómstóllinn**

**III** **EB-STOFNANIR**

**1.** **Framkvæmdastjórnin**

**2011/EES/46/01** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6244 – BNP Paribas/Fortis Commercial Finance Holding) . . . . . 1

**2011/EES/46/02** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6250 – Rexnord/VAG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . 2

**2011/EES/46/03** Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6234 – First Reserve Fund XII/Metallum Holding) . . . . . 3

**2011/EES/46/04** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6170 – First Reserve Fund XII/Finmeccanica/Ansaldo Energia) . . . . . 3

**2011/EES/46/05** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6171 – IPIC/CEPSA). . . . . . 4

**2011/EES/46/06** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6200 – APMM/Bolloré/Douala International Terminal JV) . . . . . 4

**2011/EES/46/07** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6205 – Eli Lilly/Janssen Pharmaceutica Animal Health Business Assets) . . . . . 5

**2011/EES/46/08** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6213 – Westfield/CPPIB/APG) . . . . . 5

**2011/EES/46/09** Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6232 – Allianz/Banco Popular/Popular Gestión) . . . . . 6

| | | |
|---|---|---|
| **2011/EES/46/10** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6240 – Temasek/E Oppenheimer/Tana JV) | 6 |
| **2011/EES/46/11** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6264 – Rhône Capital/Triton/Evonik Carbon Black Business) | 7 |
| **2011/EES/46/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6273 – Samsung C&T Deutschland/Korea Development Bank/ KNS Solar) | 7 |
| **2011/EES/46/13** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6288 – Blackstone/Stargazer) | 8 |
| **2011/EES/46/14** | Ríkisaðstoð – Eistland – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C SA.30531 (2011/C) (áður N 78/2010) – Aðstoð vegna afkastatengdra greiðslna til raforkuframleiðslu með olíuleirsteini | 8 |
| **2011/EES/46/15** | Auglýst eftir tillögum 2012 – EAC/27/11 – Áætlun um símenntun | 9 |
| **2011/EES/46/16** | Tilkynning stjórnvalda á Möltu með vísan til tilskupunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni | 11 |

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/01**

**(mál COMP/M.6244 – BNP Paribas/Fortis Commercial Finance Holding)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið BNP Paribas öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu Fortis Commercial Finance Holding N.V. („FCF“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – BNP Paribas: almenn viðskiptabankastarfsemi, eignastýring og þjónusta, bankaþjónusta fyrir fyrirtæki og fjárfestingarbankastarfsemi

   – FCF: kröfukaupaþjónusta

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 239, 17. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6244 – BNP Paribas/Fortis Commercial Finance Holding, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/02**

**(mál COMP/M.6250 – Rexnord/VAG)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Rexnord LLC („Rexnord“), sem tilheyrir bandarísku samsteypunni Apollo Group („Apollo“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu VAG Holding GmbH („VAG“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Rexnord: stundar einkum sölu á vörum til stýringar á ferlum og hreyfingum og vörum til vatnsstjórnunar

   – Apollo: stundar einkum fjárfestingar í eignasöfnum

   – VAG: selur einkum lausnir í tengslum við vatnsstjórnun

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 239, 17. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6250 – Rexnord/VAG, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/03**

**(mál COMP/M.6234 – First Reserve Fund XII/Metallum Holding)**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins barst 15. júlí 2011 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna First Reserve Fund XII og Metallum Holding. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 5. ágúst 2011.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/04**

**(mál COMP/M.6170 – First Reserve Fund XII/Finmeccanica/Ansaldo Energia)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. maí 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6170. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/05**

**(mál COMP/M.6171 – IPIC/CEPSA)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. júlí 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6171. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/06**

**(mál COMP/M.6200 – APMM/Bolloré/Douala International Terminal JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6200. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

### Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja 2011/EES/46/07

### (mál COMP/M.6205 – Eli Lilly/Janssen Pharmaceutica Animal Health Business Assets)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 6. júlí 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6205. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

### Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja 2011/EES/46/08

### (mál COMP/M.6213 – Westfield/CPPIB/APG)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6213. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6232 – Allianz/Banco Popular/Popular Gestión)

**2011/EES/46/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6232. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6240 – Temasek/E Oppenheimer/Tana JV)

**2011/EES/46/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6240. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/11**

**(mál COMP/M.6264 – Rhône Capital/Triton/Evonik Carbon Black Business)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 19. júlí 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6264. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/12**

**(mál COMP/M.6273 – Samsung C&T Deutschland/Korea Development Bank/ KNS Solar)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 3. ágúst 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6273. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2011/EES/46/13**

**(mál COMP/M.6288 – Blackstone/Stargazer)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. júlí 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32011M6288. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ríkisaðstoð – Eistland** **2011/EES/46/14**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð**

**Málsnúmer C SA.30531 (2011/C) (áður N 78/2010) – Aðstoð vegna afkastatengdra greiðslna til raforkuframleiðslu með olíuleirsteini**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 23. mars 2011 í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans, með vísan til þess að stjórnvöld í Eistlandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 23. maí 2011.

**Auglýst eftir tillögum 2012 – EAC/27/11** **2011/EES/46/15**

**Áætlun um símenntun**

## 1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar um að koma á fót áætluninni „Símenntun“ sem var lögtekin í Evrópuþinginu og ráðinu 15. nóvember 2006 (ákvörðun nr. 1720/2006/EB) ([1]). Áætlunin tekur til áranna 2007 til 2013. Sértæk markmið áætlunarinnar um símenntun eru talin upp í 3. mgr. 1. gr. ákvörðunarinnar.

## 2. Hlutgengi

Áætlunin um símenntun tekur til menntunar og starfsmenntunar hvers konar og á öllum stigum og er opin öllum stofnunum sem taldar eru upp í 4. gr. ákvörðunarinnar.

Umsækjendur verða að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja ([2]):

– einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,

– einu EES-/EFTA-ríkjanna: Íslandi, Liechtenstein, Noregi eða Sviss,

– einu ríkjanna sem bíða aðildar: Króatíu og Tyrklandi.

Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. ákvörðunarinnar um að koma á fót áætlun um símenntun, eru fjölhliðaverkefni og tengslanet samkvæmt áætlununum Comenius, Erasmus, Lenoardo da Vinci og Grundtvig, svo og lykilstarfsemi þverlægrar áætlunar, einnig opin samstarfsaðilum frá þriðju löndum sem taka ekki nú þegar þátt í áætluninni „Símenntun“ á grundvelli 7. gr. ákvörðunarinnar. Nánari upplýsingar um viðkomandi starfsemi og tilhögun þátttöku er að finna í leiðbeiningum um áætlun um símenntun fyrir árið 2012.

## 3. Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar er 1 140 milljón EUR.

Styrkfjárhæðir og lengd verkefna ráðast af þáttum á borð við eðli verkefnis og fjölda þátttökuríkja.

## 4. Umsóknarfrestur

Helstu umsóknarfrestir eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Nemendaskipti samkvæmt Comenius-áætluninni | 1. desember 2011 |
| Áætlanirnar Comenius og Grundtvig: Starfsþjálfun | |
| fyrsti umsóknarfrestur | 16. janúar 2012 |
| aðrir umsóknarfrestir | 30. apríl 2012<br>17. september 2012 |
| Aðstoðarstöður samkvæmt áætluninni Comenius | 31. janúar 2012 |
| Áætlanirnar Comenius, Erasmus, Leonardo da Vinci og Grundtvig: Fjölhliðaverkefni, tengslanet og hliðarráðstafanir | 2. febrúar 2012 |
| Áætlunin Leonardo da Vinci: Fjölhliðaverkefni í tengslum við yfirfærslu á nýsköpun | 2. febrúar 2012 |

([1]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. september 2006 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði símenntunar http://eur-lex.europa.eu/lex/LexUriServ/LexUriServ.do?uri= OJ:L:2006:327:0045:0068:EN:PDF og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1357/2008/EB frá 16. desember 2008 um breytingu á ákvörðun nr. 1720/2006/EB: http://eur-lex.europa.eu/lex/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:350:0056:0057:EN:PDF.

([2]) Nema að því er varðar Jean Monnet áætlunina, en hún er opin öllum menntastofnunum í heimi á háskólastigi.

| | |
|---|---|
| Áætlunin Leonardo da Vinci: Mannaskipti (þar á meðal „hreyfanleikaskírteini" áætlunarinnar Leonardo Da Vinci); Erasmus: Kröfutungumálanámskeið (EILC) | 3. febrúar 2012 |
| Áætlunin Jean Monnet | 15. febrúar 2012 |
| Áætlanirnar Comenius, Leonardo da Vinci og Grundtvig Samstarfsverkefni; Comenius: „Regio"-samstarfsverkefni áætlunarinnar Comenius; Grundtvig: Vinnufundir | 21. febrúar 2012 |
| Áætlunin Erasmus: Kröfuáætlanir, námsfólki gert kleift að stunda nám og störf utan heimalands (m.a. með starfsskírteini samstarfslanda áætlunarinnar Erasmus) og starfsmannaskipti (kennslustöður og námskeið) | 9. mars 2012 |
| Áætlunin Grundtvig: Aðstoðarstöður, sjálfboðaverkefni eldri | 30. mars 2012 |
| Þverlæg áætlun: Lykilstarfsemi 1 – námsheimsóknir | |
| fyrsti umsóknarfrestur | 30. mars 2012 |
| annar umsóknarfrestur | 12. október 2012 |
| Þverlæg áætlun: Öll önnur starfsemi | 1. mars 2012 |

Nokkrir umsóknarfrestir eru fyrir heimsóknir og námsmannaskipti á vegum Grundtvig-áætlunarinnar og fyrir undirbúningsheimsóknir á vegum allra atvinnugreinaáætlana og eru þeir mismunandi eftir landi. Sjá vefsetur viðkomandi innlendrar stofnunar í landi þínu.

**5. Nánari upplýsingar**

Heildartexta auglýsingarinnar „Áætlun um símenntun – auglýst eftir tillögum 2011–2013 – Forgangsatriði stefnumörkunar 2012", ásamt „leiðbeiningum um áætlunina um símenntun fyrir árið 2012" og upplýsingar um umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/education/llp/doc848_en.htm

Umsóknir verða að fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í heildartexta auglýsingarinnar og í leiðbeiningum um áætlunina um símenntun og berast á til þess gerðum eyðublöðum.

**Tilkynning stjórnvalda á Möltu með vísan til tilskupunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni** **2011/EES/46/16**

Í samræmi við ákvæði stafliðar a) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni auglýsir auðlinda- og byggðamálaráðherra Möltu eftir umsóknum um eftirtalin svæði/leitarsvæði undan ströndum Möltu til leitar eða bæði leitar og vinnslu:

i) svæði 1

ii) leitarsvæði 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 á svæði 3

iii) leitarsvæði 1, 2 og 3 á svæði 4

iv) svæði 5

v) svæði 6

Eftirtöldum svæðum og leitarsvæðum hefur þegar verið úthlutað og eru þau því ekki laus til umsóknar sem stendur:

i) svæði 2

ii) leitarsvæði 4, 5, 6 og 7 á svæði 4

iii) svæði 7

Umsóknir verða að vera greinilega merktar „2011 Malta Offshore Licensing Round“ og skal senda þær í innsigluðu umslagi til: Chief Executive Officer, Malta Resources Authority, Millennia 2nd Floor, Aldo Moro Road, Marsa MRS 9065, Malta. Umsóknir verða að berast eigi síðar en á hádegi að staðartíma 1. desember 2011. Viðtaka umsóknar skuldbindur stjórnvöld á Möltu ekki til að veita leyfi í tengslum við hluta svæðisins sem sótt er um, eða svæðið í heild.

Umsækjendur skulu leggja fram upplýsingar samkvæmt því sem tilgreint er á eyðublaðinu sem birt var í reglugerð um olíuvinnslu frá 2001 (tilkynning nr. 320 frá 1. desember 2001).

Svæðin/leitarsvæðin sem eru laus til umsóknar, svo og svæðin/leitarsvæðin sem þegar hefur verið úthlutað, afmarkast af hnitum sem unnt er að nálgast, ásamt öðrum upplýsingum, hjá Chief Executive Officer, Malta Resources Authority á ofangreindu póstfangi eða á netfanginu ceo@mra.org.mt.

Tilkynning stjórnvalda á Möltu frá 21. janúar 2005 (2005/C 62/06) með vísan til ofangreindrar tilskipunar, sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* 12. mars 2005, fellur hér með úr gildi.